

Ungt fólk í Evrópu! *í kirkjunni?*



*Training of trainers for
European YOUTH projects*

Passport to the future

Æskulýðsáætlun Evrópusambandsins
- styrktaráætlun UFE

ungmennaskipti / frumkvöðlaverkefni / námskeið /
sjálfbóðaliðaverkefni / fundir / gæðastjórnun / ...

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni og UFE-þjálfari:


Innlegg á ársfundi samkirkjunefndar í Skálholti
þriðjudaginn 24. janúar 2006

Kæra samverkafólk.


Það er mér heiður og ánægja að fá að vera með innlegg hér á fundi samkirkjunefndar í Skálholti. Í september síðastliðnum lauk ég námskeiði sem kallast Toft, eða Training of Trainers for European Youth Projects. Hér er á ferðinni námskeið sem ætlað er að auka gæðin í æskulýðsstarfi í Evrópu og þá sérilagi í æskulýðsáætlunum Evrópuráðs og –sambands, svonefndri UFE-áætlun „Ungt fólk í Evrópu“. Aðalsmerki þeirrar áætlunar er að hér er á ferðinni aðferðarfræði sem byggir á óformlegri, jafnvel formlausri menntun. Og því þykir þeim sem standa að námskeiðinu til lítils að vera að halda mikið af fyrirlestrum, en með því að gefa æskulýðsfulltrúunum tækifæri til þess að upplifa sjálfum óformlegt nám og taka þátt í æfingum öðlast þeir dýpri skilning á aðferðafræðinni sem er á bak við UFE-áætlunina.

Það segir kannski sitt um eðli þessa námskeiðs að þó svo að við værum í aðra höndina að herma eftir æskulýðsstarfi eða láta sem svo að við værum sjálf unglingar þá bjuggum við á sama tíma á fimm stjörnu hóteli. Segja má að hér hafi tveir heimur rekist á og oft átti starfsfólkið erfitt með að skilja hvað við vorum að gera. En er þetta ekki oft tilfellið? Er heimur unglingsins ekki oft langt frá þeim heimi sem við fullorðna fólkið erum búin að búa okkur til? Í notalegu umhverfi hótelsins gafst gott tækifæri til að kafa ofan í þessa þætti.

Oftar en ekki var tíminn við matarborðið notaður til að rökræða þá þætti sem við höfðum upplifað, gert tilraunir með, sannreynt eða lent í ógöngum með. Stór hluti þessarar umræðu snérist einnig um hversu misjafnlega er staðið að æskulýðsstarfi víðs vegar í Evrópu og eins um nauðsyn þess að standa saman í því að byggja upp gott æskulýðsstarf um Evrópu alla.



En leyfið mér að rekja aðeins sögu mína innan þessarar áætlunar. Okkar fyrstu kynni voru árið 1997 en þá notuðum við bræðurnar þessa áætlun til þess að ná að hittast með æskulýðshópana okkar. Á þeim tíma var hann æskulýðsleiðtogi í Grafarvogskirkju og ég æskulýðsfulltrúi í litlu prófastsdæmi í suður Þýskalandi. 1998 endurtókum við leikinn og nú var röðin komin að þýsku krökkunum að heimsækja íslensku krakkana. Með í för var ung stúlka, Johanna Laible. Þegar ég hóf störf í Háteigskirkju árið 2000 skrifaði þessi unga stúlka mér. Skilaboðin voru skýr: „Hæ Pétur. Getur þú ekki fundið einhvers konar evrópska peninga svo ég geti komið og verið æskulýðsleiðtogi í íslensku kirkjunni þinni í eitt ár?“ Og þar sem ég hafði þegar notað styrki úr sjóðum UFE var mitt fyrsta skref að þreifa fyrir mér þar: Sjálfboðaliðaverkefnið „An honoured guest“ varð til og í millitíðinni er fimmti einstaklingurinn nú í því verkefni í Háteigskirkju. Ég stökk út í djúpu laugina og syndi enn. Munurinn er hins vegar sá að nú finnst mér ég vita aðeins betur í hvaða sundlaug ég er.



Pegar mér barst boð frá landsskrifstofu Ungs fólks í Evrópu þess efnis að mér stæði til boða að fara á fyrrnefnt TOFT námskeið þá skynjaði ég kannski frekar heldur en skildi hversu stórkostlegt tækifæri það var sem mér bauðst þarna. Og á meðan á námskeiðinu stóð byrjaði ég að læra að rata í æskulýðsáætlun ESB þó svo að langt sé frá því að ég þekki öll strætun þar enn. En leyfið mér að útskýra aðeins myndina hér að ofan (*mynd teiknuð á töflu og útskýrd*).

Ég var semsagt staddur út í hinum stóra evrópska heimi en kominn í lítið horn sem er nærri Evrópuráðinu og stjórnmálunum þar en ég kærði mig endilega alltaf um að vera.

Námskeiðið sjálft var fjórþætt. Fyrsti þátturinn var 10 daga námskeið í nóvember 2004 í Brasov í Rúmeníu við frekar frumstæðar aðstæður þar sem við bjuggum í skóla sem er í eigu hersins, vopnaður vörður við hliðið og betra að hætta sér ekki inn í „Top secret zone“. Þáttur tvö var rúmrar viku langt námskeið í janúar 2005 í Alexandroupolis á Grikklandi við allt aðrar aðstæður: Við dvöldum á fimm stjörn hóteli. Eftir á að hyggja hentaði sá staður verr fyrir námskeiðið en herskólinn. Þriðji hlutinn var nokkurs konar starfsþjálfun þar sem að við - með samtökin okkar að baki okkur - skipulögðum evrópsk námskeið og mun ég gera stutta grein fyrir námskeiðinu „Passport to the future“ hér rétt strax. Fjórti og síðasti þátturinn var svo lokanámskeið í fjallaþorpinu Pentedattilo alveg syðst á Ítalíu í lok ágúst 2005. Það var sérstök tilfinning að standa þar í hitanum með skjal í höndum um að hafa lokið þessu námskeiði, standandi syðst í Evrópu og eiga eftir að fljúga heim í kuldann.

Jonathan Alexander var eini þátttakandinn af rúmlega 20 sem kom úr æskulýðsstarfi kirkjunnar og náðum við að kynna á gætlega á meðan á námskeiðinu stóð. Við höfum nú hafið samstarf og erum einmitt að notfæra okkur styrki úr æskulýðsáætluninni til að hittast á fundi í Gleráarkirkju um helgina. Hann ásamt sóknarprestinum sínum frá Svíþjóð og æskulýðsfulltrúi og –leiðtogi frá Þýskalandi.



Sérstaða okkar var augljós frá byrjun og ekki laust við að forvitni, jafnvel fordóma gætti hjá öðrum þátttakendum í okkar garð og þá á annan hátt heldur en í garð annarra einstaklinga sem tóku þátt í námskeiðinu og gáfu sig út fyrir að vera mjög andlegar persónur og þá sérstaklega í nýaldargeiranum. En fljótlega slípuðust samskiptin og við náðum ágætlega saman þrátt fyrir að koma frá 16 löndum og vera af 18 þjóðernum.

Sú staðreynd að hlutfallslega fáir starfsmenn kirkjunnar sjást innan þessa geira á sér meðal annars sögulegar rætur því að upphaflega hugmyndin á bak við æskulýðsáætlun Evrópusambandsins var sú að styrkja sérstaklega á bak við óformlegar, óhefðbundnar hreyfingar sem ættu ekki sama aðgang að fjármagni eins og stóru hreyfingarnar með sterku hefðirnar á bak við sig. Ef vel er farið ofan í kjölinn á markmiðum æskulýðsáætlunarinnar í dag þá verður þessi bakgrunnur ljós. En áætlunin er að mörgu leiti opnari í dag fyrir kirkjunni heldur en hún var í upphafi.

Persónulega þykir mér áhrif kristinnar trúar vera hverfandi innan þessarar stóru áætlunar. Ég gekk svo langt eftir fyrsta námskeiðið að ég hafði á orði við Bernharð að ég yrði bara að drífa mig í að skrifa helstu biskupum í Evrópu og segja þeim frá áhyggjum mínum: 255 milljónum Evra væri eytt í áætlunina þar sem ungu fólki væru innrætt alls kyns gildi sem sum hver væru í hreinni andstöðu við kristna trú. Og þarna eru kannski sóknarfærin og gildurnar í þessari áætlun. Hér er flötur til þess að skiptast mjög opinskátt á mjög ólíkum skoðunum og hver sem er getur komið á sterkan hátt inn í þá umræðu með því að standa fyrir námskeiðum innan áætlunarinnar. Semsagt við líka!



Áður en lengra er haldið vil ég nota tækifærið hér til að koma þakklæti á framfæri til Háteigskirkju og Gleráarkirkju en sóknarnefndirnar og sóknarprestar studdu mig til þessarar farar með því að leyfa mér að sinna námskeiðunum í mínum vinnutíma. Allar ferðir, uppihald og kostnaður vegna námskeiðsins var greiddur af æskulýðsáætlun Evrópuráðsins annars vegar og af Menntamálaráðuneytinu / Landsskrifstofu UFE hins vegar. Ég er annar Íslendingurinn sem lýkur þessu námskeiði, áður hafði einn starfsmaður ÍTR lokið sama námskeiði.

En víkjum nú að þessari styrkjaáætlun. Til að byrja með er mikilvægt að vita að hér er um tímabundna áætlun að ræða og gildir hún í þessu formi út þetta ár. En unnið er að undirbúningi nýrrar áætlunar sem væntanlega kemst í gagníð árið 2007. Meðal nýmæla í þeirri áætlun verður að fleiri möguleikar opnast fyrir Evrópusambandslönd til að nýta sér peninga úr áætluninni til þess að styðja við æskulýðsstarf í þróunarlöndum. Hvað okkur viðkemur eru ný aldursmörk sennilegast áhugaverðust því að í nýrri áætlun verður hægt að fá styrki fyrir ungmennasamskipti niður í 13 ára aldur. En í grunninn má reikna með að ný áætlun verði á mjög svipuðum nótum og áætlunin sem nú er í gangi.

UFE er systuráætlun Leonardo og Sókrates áætlanna. En leyfið mér að kynna áætlunina stuttlega (*bæklingum dreift og tveimur síðum úr handbók og áætlun kynnt*).

Þessi áætlun opnar möguleika fyrir okkur, bæði til eflingar starfsins hér heima og til erlendra samskipta. Fjöldi einstaklinga hefur á síðustu árum tekið þátt í námskeiðum erlendis og héraðs sem fulltrúar ÆSKR innan þessarar áætlunar og þá að jafnaði í því samhengi sem Sjöfn Þór kynnti hér fyrir í dag. Eins var t.d. stóri erlendi hópurinn á Kirkjudögum styrktur af þessari áætlun.



Sjálfur nýti ég þessa áætlun á fjölbreyttan hátt til styrktar starfinu í Gleráarkirkju. Nú um miðjan febrúar koma fyrstu tveir sjálfbóðaliðarnir til Gleráarkirkju og reikna ég með að vera með að jafnaði tvo sjálfbóðaliða. Þá fjármögnum við samstarfsfund nú um helgina og reikna ég með að geta farið með bæði starfsfólk og ungmenni erlendis á næstunni með styrkjum úr þessari áætlun. Auk þess kemur framkvæmdastjóri æskulýðsstarfs verkalyðsfélaganna í Erfurt í viku heimsókn til mín til þess að kynna sér æskulýðsstarf í Gleráarkirkju en við í Gleráarkirkju fáum styrk til að fjármagna þá heimsókn 100%.

Enn fremur vinn ég nú að því að koma af stað frumkvæðisverkefni ungmenna og stefni að því að fá styrk fyrir tengslanet á milli okkar sem erum að hittast nú um helgina.

Ekkert þessara verkefna er fjármagnað 100% af Evrópusambandinu, það þarf alltaf að koma til frekara fjármagn eða annar stuðningur. Og áhugi og kunnátta þarf að vera fyrir hendi hjá því starfsfólki sem heldur utan um verkefnið.

Þeim sem vilja kynna sér ungmennasamskipti betur bendi ég á auglýsingu um námskeið á fimmtudaginn sem liggur hér frammi. Þar munum við Jónatan Þjálf þá sem mæta í hugsun og verkum varðandi ungmennaskipti í flokki 1.

Í lokin (ef ég er ekki löngu fallinn á tíma) vil ég gera örstutta grein fyrir námskeiði sem Glerárkirkja stóð fyrir ásamt fleirum í smábænum Police í Póllandi í ágúst síðastliðnum.

Yfirskrift námskeiðsins var „Passport to the future“ og var það hugsað fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi sem vildi kynna sér möguleika UFE-áætlunarinnar og þá sérstaklega flokks 1 og flokks 3. Miðað var við að þátttakendur væru flestir að stiga sin fyrstu spor í þessari áætlun og því má segja að þeim hafi meira verið gefinn svona nasapefur af þessum möguleikum.

Glerárkirkja studdi sem fyrr við bakið á mér og stóð fyrir því að ég gæti leyst þetta verkefni sem var jú hluti af námskeiðinu sem ég kynnti hér áðan. Þar sem aðeins einn starfsmaður úr Glerárkirkju hafði tök á því að fara í þessa ferð á þeim tíma sem ákveðið var að halda námskeiðið bauð ég fleiri kirkjum að vera með og sendu Sauðárkróskirkja, Vopnafjarðarkirkja, KFUM og KFUK á Akranesi og KFUM og KFUK á Akureyri einn þátttakanda hver. Það voru því fimm þátttakendur frá Íslandi á þessu námskeiði ásamt þátttakendum frá Rúmeníu, Póllandi, Frakklandi og Þýskalandi. Námskeið sem þessi ber alltaf að líta á sem samstarfsverkefni allra þeirra sem senda þátttakendur og eiga öll þau samtök að hafa komið að undirbúningi og innihaldi á einhvern hátt. Að jafnaði þurfa samtök sem senda einstaklinga á námskeið sem þessi að greiða 30% af ferðakostnaði.

Ferð sem þessi skilar íslenskum þátttökum öðrum hlutum heldur en þegar farið er á t.d. kristilegt mót erlendis. Hér gefst tækifæri til þess að kynnast öðrum aðferðum í æskulýðsstarfi og fjölmenningsleg færni þátttakenda eykst stórlega auk þess sem þátttakendur kynnast möguleikum og takmörkunum æskulýðsáætlunar Evrópusambandsins.

Með þessum orðum læt ég staðar numið og þakka áheyrnina.

Nokkrar vefslóðir:

www.ufe.is - vefur íslensku landsskrifstofunnar

www.blogg.is/evs - frásagnir af erlendum samskiptum Háteigskirkju

www.blog.central.is/evropa - erlendur samskiptavefur Glerárkirkju

www.annall.is/pb - annáll undirritaðs

www.kirkjan.is/annall/erlend - frásagnir af nokkrum erlendum samskiptum

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju og UFE þjálfari
petur@klerarkirkja.is - 464 8800

